

Athugasemd frá LS í samráðsgátt stjórnvalda  
við drög að reglugerð um veiðar með dragnót  
við Ísland

26. apríl 2019

LS gerir alvarlega athugasemd við 1. gr. reglugerðardraganna. LS telur orðalag greinarinnar stangast á við ákvæði laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Í 5. gr. laganna er íslenskum skipum bannaðar veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi Íslands nema á þeim veiðisvæðum og veiðitímum sem tilgreind eru í greininni.

Það er mat LS að orðalag 1. greinar gangi gegn fyrrgreindu ákvæði. Þar verði að kveða skýrt á um að fiskiskipum, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni sé óheimilt að stunda veiðar með dragnót í fiskveiðilandhelgi Íslands, nema á þeim veiðisvæðum og veiðitímum sem tilgreind eru í 5. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Það fyrirkomulag sem verið hefur á dragnótaveiðum hefur takmarkað sókn með veiðarfærinu og fjölda þeirra skipa sem heimild hafa haft við að stunda veiðarnar. Með reglugerðinni er verið að afnema þær reglur sem í gildi hafa verið. LS leggst alfarið gegn því þar sem breytingin er ávísun á stórauðna sókn togveiða á grunnslóð.

LS bendir á að í Noregi þar sem vísindamenn eru lengra komnir í rannsóknum á áhrifum dragnóta er snurvoðabátum ekki leyfi að veiða á friðunarsvæðum í innfjörðum þar sem innfjarðarþorsk er að finna.

Það eru LS vonbrigði að ekki var leitað samráðs við félagið við vinnslu á framagreindum breytingum. LS hefur gegnum árin haldið uppi málefnalegri gagnrýni á veiðarfærið sem hefði átt heima í umræðu að breyttu fyrirkomulagi á veiðum með dragnót.

LS ítrekar áðurframkomna umsögn félagsins frá 11. október 2017 sem hér fylgir með

Virðingarfyllt

  
Axel Helgason formaður

  
Örn Pálsson framkvæmdastjóri

1

